

6.10.2015

Skaftharhreppi hefur borist erindi nefndasviðs Alþingis, dags. 24. september sl., þar sem óskað er umsagnar sveitarfélagsins á frumvarpi til laga um náttúruvernd.

Umhverfis og náttúruverndarnefni sveitarfélagsins vill kom með athugasemd vegna:

10. gr. – Heimild til að tjalda

Lagt er til að 3. mgr. (í 22 grein náttúruvendarlaga) orðist svo: „*Utan þéttbýlis skal einungis nota tjaldvagna, fellihýsi, hjólhýsi, húsbýla og annan sambærilegan búnað á skipulögðum tjaldsvæðum, nema með sérstöku leyfi.*

En seinni hluti setningarinnar, „... og svæðum á óræktuðu landi sem tengjast vegum sem heimilt er að aka og þar sem ekki er hætt á skemmdum á náttúrunni.“ verði felldur niður.

Rökstuðningur þessa er að næturdvöl velur ónæði á landeigendum og ferðamenn, óþrifnaði vegna úrgangs, ásamt aukinni eldhættu á viðkvæmum landssvæðum. Jafnframt býr náttúra Íslands yfir ýmsum váum til dæmis jökulhlaup, eldgos, öskufall og óveður. Komi til slíkra náttúruhafmara þurfa viðbragðsaðilar að rýma landssvæði hratt og örugglega og erfitt er að tryggja öryggi þeirra sem dveljast utan merktra svæða.

Virðingarfyllst.

Jóna Björk Jónsdóttir